

Viðskiptaskilmálar fyrir Bónuskortið

1. Um kortið og skilmálana

- 1.1. Bónuskortið (hér nefnt **kortið**) er úttektarkort, tengt viðskiptareikningi, sem gefið er út af smásölufyrirtækinu Bónus, kt. 450199-3389, Skútuvogi 13, 104 Reykjavík (hér nefnt **útgefandi**). Bónus er í eigu félagsins Hagar verslanir ehf., kt. 470710-0390. Vefsíða útgefanda er á vefslóðinni kort.bonus.is og netfang hans er kort@bonus.is.
- 1.2. Kort eru einungis gefin út á viðskiptareikning viðskiptavinar hjá útgefanda (hér nefndur **kortareikningur**). Sá sem gerir samning um kortareikninginn (hér nefndur **reikningshafi**) getur fengið gefið út kort fyrir sig sjálfan og/eða fyrir aðra með heimild til úttektar á kortareikninginn. Kortareikningur stofnast þegar fyrsta umsókn reikningshafa um kort er samþykkt. Hægt er að sækja um eitt eða fleiri kort á hvern kortareikning og fá kort gefin út á nafn skráðra notenda þeirra (hér nefndir **korthafar**) eða sem handhafakort.
- 1.3. Kortið er eign útgefanda og honum er heimilt að innkalla það án fyrirvara ef hann telur nauðsyn krefja, svo sem ef öryggisgalli kemur upp í kortunum eða reikningshafi eða útgefandi fara ekki að skilmálum þessum (hér nefndir **viðskiptaskilmálarnir**).
- 1.4. Viðskiptaskilmálarnir innihalda þær reglur sem gilda um kortið, þar á meðal útgáfu og notkun þess. Þeir eru ávallt aðgengilegar á vefsíðu útgefanda. Útgefandi hefur rétt til að breyta viðskiptaskilmálunum án samþykkis korthafa en skal tilkynna þeim um sérhverjar breytingar eigi síðar en 15 dögum áður en þær skulu taka gildi. Í tilkynningunni skal taka fram í hverju breytingarnar felist og minnt á rétt korthafa til að slíta viðskiptum um kortið. Fallist korthafi ekki á breytta viðskiptaskilmála, getur hann slitið viðskiptum með því að klippa í sundur kortið og senda það sundurklippið til útgefanda. Kjósi korthafi að slíta ekki viðskiptum um kortið telst korthafi hafa samþykkt breytingarnar með því að nota kortið eftir að breytingarnar hafa tekið gildi. Birting breytinganna á vefsíðu útgefanda telst nægileg tilkynning samkvæmt framangreindu.

2. Útgáfa kortsins

- 2.1. Sótt er um kortið á framangreindri vefsíðu útgefanda. Hafi umsækjandi staðfest að hafa kynnt sér vandlega og samþykkt bæði viðskiptaskilmálana og persónuverndarskilmála fyrir kortið (hér nefndir **persónuverndarskilmálarnir**) tekur útgefandi umsóknina til skoðunar.
- 2.2. Að fenginni umsókn hefur útgefandi rétt til að leita upplýsinga frá fjárhagsupplýsingastofu um fjárhagsmálefni og lánstraust umsækjanda í samræmi við persónuverndarskilmálana.
- 2.3. Sé umsókn hafnað tilkynnir útgefandi umsækjanda um það í tölvupósti. Sé hún samþykkt stofnar útgefandi úttektaræikning fyrir reikningshafa, hafi sá reikningur ekki þegar verið stofnaður, gjaldfærir á hann stofngjald samkvæmt gjaldskrá sinni og ákveður úttektarheimild fyrir kortareikninginn. Því næst sendir útgefandi sérhverjum korthafa upplýsingar um útgáfuna í tölvupósti og sendir honum kortið óvirkt í bréfapósti. Samhliða sendir útgefandi rafrænt skjal í netbanka korthafa með hlekk til að virkja kortið. Að ósk korthafa er hægt að fá hlekkinn sendan í tölvupósti ef um staðfest netfang er að ræða.
- 2.4. Þegar korthafa berst kortið skal hann virkja það með því að smella á hlekk í rafrænu skjali í netbanka sínum frá útgefanda.

3. Notkun kortsins

- 3.1. Öll notkun kortsins skal vera alfarið á ábyrgð reikningshafa. Týnist eða glatist kortið ber reikningshafi ábyrgð á notkun þess þar til hann hefur tilkynnt kortið glatað til útgefanda á framangreint netfang hans og útgefandi hefur lokað fyrir notkun þess. Útgefandi gefur þá jafnan út nýtt kort og reikningsfærir gjald skv. gjaldskrá á kortareikning.
- 3.2. Óheimilt er að nota kort sem tilkynnt hefur verið glatað. Finnist það aftur skal það sent útgefanda sundurklippið.
- 3.3. Notkun kortsins er með öllu óheimil nema í samræmi við ákvæði viðskiptaskilmálanna.
- 3.4. Notkun handhafakorta er einungis heimil þeim sem hafa heimild reikningshafa til notkunar þess. Notkun korts sem gefið er út á nafn er einungis heimil þeim korthafa.
- 3.5. Korthafa er skylt að varðveita kortið þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það.
- 3.6. Notkun kortsins er einungis heimil í verslunum útgefanda.
- 3.7. Korthafa er heimilt að greiða inn á þann kortareikning sem kort hans er tengt við. Þegar útgefanda hefur borist tilkynning um greiðsluna, ásamt kvittun fyrir henni, á framangreint netfang sitt útbýr hann innborgun á kortareikninginn og uppfærir stöðu hans.

- 3.8. Korthafi skal tafarlaust tilkynna útgefanda verði breyting á heimilisfangi eða netfangi hans til að tryggja að yfirlit og aðrar upplýsingar geti borist honum með eðlilegum hætti.
- 3.9. Útgefandi sendir reikningshöfum mánaðarlega rafrænt reikningsyfirlit yfir úttektir með kortum tengdum viðkomandi kortareikningi á nýliðnu kortatímabili en hvert kortatímabil er ýmist almanaks mánuður eða frá 27. degi mánaðar til 26. dags næsta mánaðar.
- 3.10. Reikningshafa er skylt að greiða að fullu heildarfjárhæð reikningsyfirlits yfir úttektir nýliðins kortatímabils eigi síðar en á eindaga sem er 7. dagur næsta mánaðar eftir lok viðkomandi kortatímabils. Gjaldþagi er hins vegar 3. dagur næsta mánaðar eftir lok viðkomandi kortatímabils.
- 3.11. Hafi greiðsla ekki borist útgefanda á eindaga leggjast dráttarvextir á hina gjaldföllnu skuld, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá eindaga til greiðsludags. Útgefandi hefur rétt til að loka fyrir frekari notkun kortsins þar til hin gjaldfallna skuld hefur verið greidd að fullu. Hafi hún ekki verið greidd að fullu 60 dögum eftir eindaga hefur útgefandi rétt til að fella úr gildi viðkomandi kortareikning og öll útgefin kort á hann og fela lögfræðingi skuldina til innheimtu á kostnað korthafa.
- 3.12. Kaup á vöru sem keypt er með kortinu í verslun útgefanda skulu lúta sömu kaupskilmálum og aðrar vörur sem keyptar eru í umræddri verslun, þar á meðal kaup á vöru í vefverslun útgefanda.
- 3.13. Sé vörum skilað sem keyptar hafa verið með kortinu skal útgefandi, eftir því sem við á, framkvæma endurgreiðsluna með því að færa fjárhæð jafn háa verði hinnar skiluðu vöru aftur inn á kortareikning fyrir sama kortið eða, sé kortið ekki lengur til þegar vörunum er skilað, með því að færa fjárhæð jafn háa verði hinnar skiluðu vöru inn á inneignarnótu sem útgefandi gefur út og (i) afhendir í verslun sinni, þegar um er að ræða endurgreiðslu fyrir vörur sem keyptar voru í verslun útgefanda, eða (ii) sendir með tölvupósti á netfang þess viðskiptavinar sem keypti með kortinu, þegar um er að ræða endurgreiðslu fyrir vörur sem keyptar voru í vefverslun útgefanda.
- 3.14. Reikningshafi getur ávallt fengið upplýsingar um stöðu á kortareikningi sínum og korthafi upplýsingar um úttektir af korti sínu með því að skrá sig, á vefsíðu útgefanda, inn í umsjónarkerfi fyrir viðskiptavini. Þar geta þeir sýslað með kortin sín og fengið upplýsingar um þau, kallað fram hreyfingalista og sótt kvittanir. Þá geta reikningshafar að auki fengið upplýsingar um stöðu á viðskiptareikningum, breytt og bætt við notendum og fryst, affryst og lokað kortum.

4. Gildistími kortsins

- 4.1. Snertilaust kort gilda í fjögur ár í senn en segulrandarkort í tvö ár í senn. Kort eru endurútgefin sjálfkrafa, án umsóknar, fari korthafi, þ.á m. reikningshafi, að viðskiptaskilmálunum. Vilji korthafi segja upp viðskiptum sínum skal það gert skriflega a.m.k. einum mánuði fyrir lok gildistíma kortsins. Berist uppsögn síðar skal korthafi greiða gjald vegna útgáfu nýs korts.
- 4.2. Útgefandi getur sagt upp viðskiptum með kortið með eins mánaðar fyrirvara. Honum er þó heimilt að segja viðskiptum upp án fyrirvara og loka bæði kortareikningi og öllum tengdum kortum án sérstakrar tilkynningar ef korthafi vanefnir skyldur sínar gagnvart útgefanda, ef fjárnám er gert hjá korthafa, fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti hjá honum eða ef hann leitar nauðasamninga.
- 4.3. Korthafa er alfarið óheimilt að nota kort eftir að það hefur fallið úr gildi, hvort sem það er útrunnið, viðskiptum hefur verið sagt upp eða kortareikningi/korti hefur verið lokað. Vakin er athygli á að slík notkun kann að varða m.a. við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Korthafi skal skila kortinu án tafar sundurklipptu til útgefanda og hefur útgefandi fulla heimild á að taka í vörslur sínar kort sem eru fallin úr gildi.

5. Gildandi lög og samningsvarnarþing

- 5.1. Um viðskiptaskilmála þessa gilda íslensk lög. Rísi dómsmál um ágreining milli aðila í tengslum við þá skal það mál rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 5.2. Útgefanda er allt að einu heimilt að leita aðstoðar dómstóla og stjórnvalda hvar í heimi sem er til framkvæmdar aðfarargerða eða annarra sambærilegra ráðstafana til að tryggja réttindi sín og fá skyldur samkvæmt samningnum uppfylltar.
- 5.3. Þessi útgáfa viðskiptaskilmálanna er frá 31. ágúst 2022 og gildir um alla vinnslu sem á sér stað frá og með þeim degi.